



Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

Skilmáli A-1

Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar er trygging sem veitir fyrirtækjum og rekstraraðilum vernd gegn skaðabótaábyrgð sem fellur á trygðan vegna slysa á fólki eða skemmda á munum.

Hægt er að bæta við sérskilmálum fyrir tiltekinn atvinnurekstur sem veitir viðtækari vernd en þá er að finna aftast í þessum skilmála. Sérskilmálar eru aðeins í gildi ef þeir eru keyptir sérstaklega og áritun þess efnis kemur fram á skirteini.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Almenn ákvæði 2. kafla skilmálans gilda um alla þætti tryggingarinnar.

Efnisyfirlit:

- Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar
- Almenn ákvæði
- Sérskilmálar (valkvæðir)

1. Kafli. Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir líkamstjón og munatjón sem tryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt íslenskum lögum utan samninga og kemur til vegna þeirrar starfsemi sem tilgreind er á skirteini tryggingarinnar.

Tryggingin tekur einnig til líkamstjóns eða munatjóns vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á trygðan sem eiganda eða notanda húsnæðis eða fasteignar, sem notuð er við tilgreinda starfsemi enda sé hún tilgreind á skirteini.

Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Skilyrði fyrir skaðabótaábyrgð samkvæmt þessu ákvæði er að líkams- og/eða munatjón verði rakið til skyndilegs og óvænts atburðar.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna tjóns innan samninga
- vegna tjóna sem beint eða óbeint að öllu leyti eða hluta:
 - hlýst af því að söluvara berst viðtakanda ekki, eða ekki í tæka tíð eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma.
 - stafar af efninu asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leiti.
 - stafar af hvers kyns perflúor (PFAS) efnunum og efnasamböndum hvort sem unnið er með slík efni eða vöru sem innihalda þau.
 - stafar af hvers kyns áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands hvoru tveggja.
 - stafar af umsjón eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands hvoru tveggja.
- vegna tjóna sem starfsábyrgðartrygging tekur til hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.
- vegna tjóna sem hljótasker af eldsvoða, kjarnorku eða geislavirkum efnunum.
- vegna tjóns af völdum hryðjuverka.
- vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.
- vegna tjóna sem rekja má til loftfars eða er afleiðing notkunar þess, eiga rót sína að rekja til áfyllingar flugeldsneytis eða verða vegna reksturs flugvalla.
- vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

- vegna tjóna sem rakin verða til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar og því verði ekki um kennt, að tryggður hafi með ásetningi eða störfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum, sem gilda á hverjum tíma.
- vegna endurkröfu frá almannatryggingum.
- vegna skaðabótakrafna sem eiga rót sína að rekja til reksturs jarðganga eða neðansjávarvinnu eða þess að stíflumannvirki bresta.

Tryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá tryggðum um að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

3. gr. Undanskyldar áhættur sem hægt er að tryggja sérstaklega með sérskilmála

Tryggingin bætir ekki:

- skaðabótakröfu vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem tryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
- skaðabótakröfu sem fellur á tryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds eða óskráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja.
- skaðabótakröfu sem rekja má til eignarhalds, umráða eða notkunar hvers konar vinnuvéla.
- skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af því að tryggður vinnur við sprengingar, uppgröft, jarðboranir, fleygun, aðrar framkvæmdir í jörðu, svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálþil o.þ.h., niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.
- skaðabótakröfu sem vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, til sölu, flutnings, vöruafgreiðslu, hífingar, eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- skaðabótakröfu vegna ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem tryggður á einn eða með öðrum.
- skaðabótakröfu vegna dýralækna, fiskeldisstöðva, alifuglabúa, loðdýrabúa og svínabúa.
- skaðabótakröfu vegna alferða, pakkaferða eða samtengdrar ferðatilhögunar.
- skaðabótakröfu vegna vegrasta.
- skaðssemisábyrgð, þ.e. skaðabótaábyrgð, sem fellur á tryggðan samkvæmt íslenskum rétti vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum ágalla eða íblöndunar vöru.

4. gr. Varúðarreglur

Verði slys á athafnasvæði tryggingataka eða í tengslum við starfsemi hans skal hann sjá til þess að rannsókn fari í öllum tilvikum fram eins fljótt og hægt er. Ef um vinnuslys er að ræða, sem er til þess fallið að valda fjarveru þess sem slasast frá vinnu, skal tryggingataki tafarlaust og áður en vettvangi er raskað tilkynna lögreglu og vinnueftirliti um slysið sbr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi og á vinnustöðum nr. 46/1980.

Varúðarregla þessi raskar ekki almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar.

2. Kafli. Almenn ákvæði

5. gr. Hver er tryggður?

Sá aðili og sú starfsemi sem tilgreind er á skirteini.

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin tekur aðeins til tjóns sem verður á Íslandi.

7. gr. Tryggingartímabil

Tryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímabilinu jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar.

Tryggingin tekur ekki til atvika sem urðu áður en tryggingartímabilið hófst þótt tjónið komi í ljós á tryggingartímabilinu.

8. gr. Tryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins takmarkast við þá tryggingarfjárhæð sem tilgreind er á skirteini.

Heildargreiðsla vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærra en fram kemur á skirteini án tillits til þess hvort atburður falli undir skilmála þennan eða sérskilmála.

Kostnaður sem stofnast til með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu og vextir af bótafjárhæð greiðast þó greiðsla félagsins fari fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin sem tilgreind er í skirteini lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaður og vaxta sem svarar til bótafjárhæðar sem félaginu ber að greiða.

9. gr. Áhættubreyting

Tryggingartaka ber að tilkynna félaginu um allar breytingar á umfangi og eðli rekstrar sem geta haft í för með sér aukna hættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins eða fallið niður að fullu skv. 25. gr. vsl.

10. gr. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- Bætur sem tryggðum ber að greiða launþega úr kjarasamningsbundinni eða lögboðinni atvinnuslysstryggingu koma að fullu til frádráttar bótakröfu launþega á hendur tryggðum hvort sem þessar tryggingar eru fyrir hendi eða ekki.

11. gr. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- Bætur ákvarðast samkvæmt reglum skaðabótaréttar og skilmála þessum.
- Tjón getur aldrei numið hærri fjárhæð en raunverulegu tjóni tjónþola.

12. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

3. Kafli. Sérskilmálar (valkvæðir)

Eftirfarandi sérskilmálar gilda ef þeirra er getið sérstaklega á skirteini.

Sérskilmálar eru hugsaðir til þess að útvikka skilmála Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar nr. A-1 fyrir tiltekna áhættu sem eru undanskyldar og veita því viðtækari vernd en fram kemur í skilmálanum.

Sérskilmálar gilda aðeins ef þeirra er getið á skirteini.

Nr. 1 Sérskilmáli fyrir sprengiáhættu

Þrátt fyrir ákvæði í d lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á munum af völdum sprenginga eða fleygun, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Þó eru undanskildar skemmdir á húsum eða öðrum mannvirkjum sem eru innan 5 metra frá sprengingarstað.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði á skirteini.

Varúðarreglur

Sprengingar skulu framkvæmdar undir stjórn manns sem til þess hefur lögmæt réttindi. Jafnframt skal félaginu gefinn kostur á að kynna sér aðstæður á sprengingarstað áður en sprengt er.

Brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Nr. 2 Sérskilmáli fyrir bifreiðaverkstæði

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem tryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar, áfyllingar, þvotta, smurnings, geymslu, flutnings (sækja eða senda) og reynsluaksturs sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km (kílómetri) fjarlægðar frá verkstæðinu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmáli þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum sem tryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það. Þetta á einnig við um viðgerða hluti sem afhentir hafa verið eiganda eða umboðsmanni hans.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði á skírteini.

Nr. 3 Sérskilmáli fyrir bifreiðapvottastöðvar og bónstöðvar

Þrátt fyrir ákvæði ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem tryggingartaki hefur til viðgerðaráfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá stöðinni, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði á skírteini.

Nr. 4 Sérskilmáli fyrir smurstöðvar

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem tryggingartaki hefur til áfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá smurstöðinni, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði á skírteini.

Nr. 5 Sérskilmáli fyrir skipaviðgerðir

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á skipum eða bátum, sem tryggingartaki vinnur við viðgerðir eða breytingar á, svo og til skemmda af völdum þeirra, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmáli þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum sem tryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það.

Ábyrgð á tjóni af völdum þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skírteini.

Nr. 6 Sérskilmáli fyrir fatageymslur

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna þess að fatnaður skemmist eða glatast í fatageymslu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Stöðug varsla skal vera í fatageymslunni og afhent númer fyrir öllu sem vörður veitir viðtöku en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skírteini.

Nr. 7 Sérskilmáli fyrir fiskeldisstöðvar

Þrátt fyrir ákvæði í g lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til fiskeldisstöðva, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmálinn tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fiskum, seiðum, hrognum eða svílum sem tryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan stöðvarinnar.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 8 Sérskilmáli fyrir dýralækna

Þrátt fyrir ákvæði í g lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna tjóns er verður á dýrum þeim sem tryggingartaki hefur stundað sem dýralæknir enda valdi tjónið dauða dýranna, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmálinn bætir þó ekki:

- tjón sem verður í fiskeldisstöðvum og loðdýrabúum.
- tjón sem verður af völdum smits.
- tjón vegna starfs fyrir annan dýralækni, dýraspítala og þess háttar þegar ábyrgð hvílir á slíkum aðilum samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 9 Sérskilmáli fyrir bensinstöðvar

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem tryggingartaki hefur til áfyllingar eldsneytis, rúðuvökva, umskipti á rúðupurrkum og þess háttar þjónustu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna, þjófnaðar, ráðgjafar um olíur og hleðslustöðvar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirtein.

Nr. 10 Sérskilmáli fyrir hjólbarðaverkstæði

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum sem tryggingartaki veitir þjónustu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 11 Sérskilmáli fyrir vegristir

Þrátt fyrir ákvæði í i lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast og verður beinlínis rakið til vegristar en ekki annað afleitt eða óbeint tjón eins og tjón á girtu landi er hlýst af því að búfé tekst að komast yfir eða fram hjá vegristinni.

Leggja skal sérstakan veg fyrir umferð hesta og þess háttar til þess að aka fram hjá vegristinni og setja skal upp aðvörunarmerki er vísa á aukavegin, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 12 Sérskilmáli fyrir raftækjaverkstæði og rafvirkja

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á tækjum sem tryggingartaki hefur til viðgerðar, uppsetningar, hreinsunar eða geymslu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skirteini.

Nr. 13 Sérskilmáli fyrir vélaverkstæði

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á tækjum sem tryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegtrar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 14 Sérskilmáli fyrir skoðunarstöðvar bifreiða

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem tryggingartaki hefur til skoðunar svo og reynsluaksturs er fram fer með samþykki verkstjóra innan 1 km fjarlægðar frá skoðunarstöð, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði í skirteini.

Nr. 15 Sérskilmáli fyrir sæpotur

Þrátt fyrir ákvæði í b lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna sæpota, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð félagsins er háð því að sæpotur séu ekki á siglingaleiðum.

Tryggingin gildir ekki ef stjórnandi sæpotunnar er yngri en 16 ára.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði í skirteini.

Nr. 16 Sérskilmáli fyrir fatahreinsanir

Þrátt fyrir ákvæði í a lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna hreinsunar á fatnaði sem glatast eða skemmist við hreinsun eða geymslu á honum, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmálinn gildir ekki ef tjónið má rekja til þess að rangur fatnaður er settur saman í vél.

Skilyrði er að viðskiptavinurinn hafi undir höndum merktan og númeraðan miða frá efnalauginni sem hann fékk afhentan er hann kom með fötin í hreinsun.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði í skirteini.

Nr. 17 Sérskilmáli um eignarhluta í húsi

Þrátt fyrir ákvæði í f lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til húseignar þeirrar eða eignarhluta sem tiltekin er í skirteini. Tryggingin tekur aðeins til tjóns sem verður vegna húseignar eða (eignar) hluta tryggðs eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum eða notendum hússins og þá í réttu hlutfalli við (eignar) hluta hans, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Þegar tryggingartaki er húsfélag sem keypt hefur tryggingu vegna heils fjöleignarhúss, húsfélagsdeildar eða stigagangs tekur tryggingin einnig til ábyrgðar eigenda einstakra eignarhluta gagnvart hverjum öðrum en með öllum öðrum takmörkunum sem getur í tryggingarsamningi.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 18 Sérskilmáli fyrir loðdýra- og svinabú

Þrátt fyrir ákvæði í g lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til loðdýra- og svinabúa, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmálinn tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá dýrum sem tryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 19 Sérskilmáli fyrir alifuglabú

Þrátt fyrir ákvæði í g lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til alifuglabúa, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Sérskilmálinn tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fuglum eða eggjum sem tryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 20 Sérskilmáli fyrir verktakastarfsemi og byggingarvinnu.

Þrátt fyrir ákvæði í d lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til gröft í jörðu, borvinnu eða múrsögun í húsum eða utanhúss, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 21 Sérskilmáli fyrir keppni á óskráðum ökutækjum

Þrátt fyrir ákvæði í b lið 3. gr. tekur tryggingin til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem rekja má til óskráðra ökutækja í keppni, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ábyrgðartrygging þessi er aðeins ætluð sem trygging fyrir tjóni sem þriðji aðili verður fyrir, t.d. áhorfendur á keppnisstað.

Líkams- og munatjón þátttakanda í þeirri aksturskeppni sem ökutækið tekur þátt í eru undanskilin bótaábyrgð, hvort sem um er að ræða ökumann eða farþega.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Sérskilmálinn gildir í þeirri keppni og þá daga sem koma fram sem áritun á skirteini.

Nr. 22 Sérskilmáli fyrir vöruafgreiðslu

Þrátt fyrir ákvæði í e lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á vörum sem tryggingartaki hefur til vöruafgreiðslu, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin sem og tjón sem verða í flutningi.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Nr. 23 Sérskilmáli fyrir krana

Þrátt fyrir ákvæði í lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð sem stofnast vegna skemmda á munum sem er lyft, slakað eða eru færðir til með krana sem tilgreindur er á skirteini, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Skráningarnúmer krana sem sérskilmálinn nær til skal vera skráður á skirteinið.

Sérskilmálinn bætir aðeins tjón sem rekja má til venjulegrar notkunar kranans sem vinnuvélar. Félagið greiðir ekki bætur vegna tjóns sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis eða önnur trygging tekur til.

Ekki eru bætt tjón á munum sem tryggður á einn eða með öðrum eða munum sem tryggður hefur að láni eða tekið í heimildarleysi.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur tryggingin ekki til kostnaðar við það.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin sem og tjón sem verða í flutningi.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Varúðarregla

Búnaður kranans skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir, skoðunarskylda skal vera uppfyllt og stjórnandi kranans hafa lögskilin réttindi.

Brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Nr. 24 Sérskilmáli fyrir alferðir (pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun)

Þrátt fyrir ákvæði í h lið 3. gr. í skilmála þessum tryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna alferða skv. lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun vegna líkamstjóns á mönnum eða skemmda á munum af völdum ófullnægjandi alferðar sem tryggður hefur skipulagt og/eða selt, ef önnur ákvæði skilmálans eru uppfyllt.

Tjón sem tilkynnt eru þegar meira en tvö ár eru liðin frá lokum alferðar eru ekki bætt.

Þrátt fyrir þær tryggingarfjárhæðir sem tilgreindar eru sbr. 8. gr. takmarkast ábyrgð félagsins gangvart hverjum einstökum tjónþola annars vegar vegna líkamstjóns og hins vegar vegna munatjóns við fjárhæðir sem tilgreindar eru á skirteini.

Dugi tryggingarfjárhæð ekki til að bæta bótaskyld tjón eftir að tekið hefur verið tillit til takmörkunar greiddast hlutfallslegar bætur til einstakra tjónþola.

Á sviðum þar sem tryggðum er heimilt samkvæmt alþjóðasamningum að takmarka skaðabætur greiðir félagið aldrei hærri bætur en hin heimilaða takmörkun segir til um.

Sérskilmálinn tekur ekki til ábyrgðar vegna:

- a.** bruna eða þjófnaðar.
- b.** bótakröfu sem önnur trygging eða opinber trygging tekur til.
- c.** ábyrgðar vegna skemmda á farangri farkaupa meðan hann er í vörslu flutningsaðila.
- d.** sérstakra refsikenndra bóta (punitive damages).
- e.** ferða sem eru farnar í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar eða undirganga fegrunaraðgerðir.

Sérskilmálinn gildir hvar sem er í heiminum þrátt fyrir ákvæði í 6. gr.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu tryggðs gilda ekki heldur sérákvæði á skirteini.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2026